



Fundargerð

433. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubækarklaustri kl. 11:00 fimmtudaginn 20. júní 2019. Þetta er 6. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra og er 8 blaðsíður.
Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins

Eva Björk Harðardóttir oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.
Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, að við málefnnaskrá bætist;

I. Fundargerðir til samþykktar

4. Fundargerð 67. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 13.06.2019

Fundargerð Héraðsnefndar barst ekki fyrir fundinn og fellur því út af dagskrá.

II. Málefni til umfjöllunar

13. 1906022 Ákvörðun daggjalda á afrétti og smölun heimalanda 2019
14. 1902010 Yfirlýsing um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
15. Endurskoðuð fjallskilasamþykkt Vestur-Skaftafellssýslu – síðari umræða

IV. Annað kynningarefni

7. 1902010 Stefnumótun í Skaftárhreppi með hliðsjón af heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna.

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri greinir frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

Sveitarstjóri og oddviti sátu fund með forstöðumannni Kirkjubæjarstofu og ráðgjafa frá Expectus vegna gerðar viðskiptaáætlunar fyrir uppbyggingu þekkingarseturs. Sveitarstjóri mætti á almannavarnarráðstefnu á Selfossi í maí sem var samvinnuverkefni SASS og Lögreglustjórans á Suðurlandi. Landsnet var með opin kynningarfund á Hellu um kerfisáætlun þar sem nokkrir fulltrúar mættu frá Skaftárhreppi. Sveitarstjóri og oddviti sátu málþing um nýsköpun í opinberri stjórnsýslu í lok maí. Stjórnarfundur var haldinn í Bergrianum bs á Selfossi. Sveitarstjóri sótti aðalfund Landskerfis bókasafna í lok maí í Reykjavík ásamt fundi með ráðgjöfum frá mannauðsfyrirtækinu Attentus. Fundur var haldinn með landeigendum á Kirkjubækarklaustri í byrjun júní. Lilja Magnúsdóttir er tekin til starfa sem kynningarfulltrúi. Fulltrúi frá Forsætisráðuneytinu kynnti þjóðlendumál á Hótel Klaustri fyrir sveitarstjórnarfundurum. Íbúðaláanasjóður og Mannvirkjastofnun stóðu fyrir sameiginlegri kynningu fyrir sveitarstjórnarfólk um húsnaðisáætlanir og nýja byggingargátt. Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands heimsótti sveitarfélagið í síðustu viku til að kynna sveitarstjóra átak sem nú er í gangi í lóðahreinsun. Sveitarstjóri sat fund með vinnuhópi um endurskoðun sorphirðu og sorpeyðingu. Íþrótt- og tómstundaneftir hafði veg og vanda af vel heppnaðri hátiðadagskrá á 17. júní sl.

I. Fundargerðir til samþykktar

1. 1807011 Fundargerð 163. fundar fræðslunefndar, dags. 06.06.2019



Katrín Gunnarsdóttir lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu málsins og víkur af fundi. Jón Hrafn Karlsson 1. varamaður D-lista tekur sæti í hennar stað.

1. Skýrsla Attentus v/Kirkjubæjarskóla

Sveitarstjóri fer yfir skýrsluna frá Attentus sem unnin er af Birnu Kristrúnu Halldórsdóttur. Úttektin felur í sér niðurstöður úr viðtölu við starfsmenn skólans, fulltrúa foreldra, fulltrúa fræðslunefndar og forstöðumann skólapjónustunnar.

Í skýrslunni kemur fram tillaga að aðgerðaráætlun til að bregðast við niðurstöðum skýrslunnar.

Fræðslunefnd vill koma á framfæri þakklæti til starfsmanna skólans fyrir virka þáttöku í vinnslu skýrslunnar. Skýrslan er ítarleg og fram koma ganglegar upplýsingar til að vinna með í að bæta starfsánægju og starfsanda í Kirkjubæjarskóla.

Fræðslunefnd tekur innihald skýrslunnar alvarlega og mun vinna að þeim úrbótum sem framkoma í skýrslunni og óskar þess að sveitarstjórn fjalli um skýrsluna og komi með tillögur að faglegum stuðningi við stórnendur stofnana í Skaftárhreppi

Sveitarstjórn þakkar fræðslunefnd fyrir hennar aðkomu að málinu og tekur undir mikilvægi þess að unnið verði að úrbótum. Sveitarstjóri hefur leitað eftir tilboði frá Attentus um faglegan stuðning í mannaðsmálum allra stofnanna sveitarfélagsins sem er til umfjöllunar í sveitarstjórn síðar á fundinum.

D-listi óskar eftirfarandi bókunar;

Mikilvægt er að sátt náiist um störf skólastjóra og að skólastarfið geti farið af stað með eðlilegum hætti i haust. Við höfum þá trú að þeir starfsmenn sem munu hefja störf í haust séu sammála okkur um mikilvægi þess að sameinuð verðum við að standa vörð um velferð og menntun nemenda í Kirkjubæjarskóla og til þess beri þeir einlægan vilja.

Hins vegar getum við ekki látið hjá líða að gera athugasemd við það mat úttektaraðila, að ekki sé heppilegt að skólastjóri sitji í sveitarstjórn:

„Úttektaraðili telur mjög óheppilegt að skólastjóri eigi einnig sæti í sveitarstjórn. Ekki er haegt að sýna fram á að slikt sé andstætt lögum en getur hins vegar dregið úr trúverðugleika stjórnanda skólans sem stöðu sinnar vegna þarf oft að taka á erfiðum málum er varðar nemendur og foreldra þeirra.“

Hér er vegið alvarlega að æru þeirra skólastjóra sem nýta sér sinn lýðræðislegan rétt að taka þátt í stjórn og stefnumótun sinna sveitarfélaga. Skv. úrskurði ráðuneytis samgöngu- og sveitarstjórnarnáma frá 1996 kemur skýrt fram að ekkert ákvæði í sveitarstjórnarlögum sem kveður á um að starfsmenn sveitarfélagana séu ekki kjörgengir í sveitarstjórn þess sama sveitarfélags. Engar breytingar hafa verið gerðar á sveitarstjórnarlögum sem þrengir þann rétt. Sérstakar reglur gilda um vanhæfi sveitarstjórnarmanna sem tryggir málefnalega umfjöllun í sveitarstjórn um þau erindi sem henni berast. Að ýja að því að það dragi úr trúverðugleika stjórnanda skólans við að taka á erfiðum málum er varðar nemendur og foreldra þeirra er alvarleg aðdröttun sem beinist að fjölða skólastjórnenda um land allt. Við hörmum þessa afstöðu úttektaraðila og vandséð hvaða tilgangi eða hverjum það þjónar að birta í skýrslu sem þessari.

Z-listi óskar bókunar;

Z-listinn fagnar úttektinni og telur eðlilegt að niðurstöður skýrslunnar séu teknar til greina sem heild en ekki valið hvað skal horft til og hvað ekki. Allir hlutar skýrslunnar eru jafn mikilvægir í að gera skólann okkar að betri vinnustað fyrir alla starfsmenn og nemendur hans.



Skaftárhreppur

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

Jón Hrafn Karlsson víkur af fundi og Katrín Gunnarsdóttir tekur sæti að nýju.

2. 1809004 Fundargerð 123. fundar rekstrarnefndar, dags. 19.06.2019

2. Ársreikningur 2018

Sveitastjóri kynnir ársreikninginn sem unninn er af KPMG eHf

Rekstrareikningur:

Rekstrartekjur: 225 millj. 444 þús 183 kr

Rekstrarniðurstöður fyrir fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld: 219 millj 527þús og 237kr

Rekstrarniðustaða ársins er: 6 millj.872 þús og 74 kr

Efnahagsreikningur

Eignir samtals: 65 milljónir 937 þús og 181 kr

Eigið fé: 32millj. 742 þús og 757 kr

Eigið fé og skuldir samtals: 65 millj. 937 þús og 181 kr

Staða á handbæru fé: 64 millj. 212þús og 342 kr

Rekstrarnefnd gerir ekki athugasemdir við framlagaðan ársreikning og vísar honum til sveitarstjórnar til samþykktar.

Sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn og staðfestir hann með undirritun sinni. Sveitarstjórn þakkar rekstrarnefnd, stjórnendum og starfsfólki Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla fyrir góða niðurstöðu ársins 2018

4. Starfsmannamál

Formaður greinir frá að í framhaldi af niðurstöðum skýrslu Attendus hefur verið unnið að endurskoðun starfslýsinga/stöðugilda hjúkrunarfræðinga.

Hjúkrunarforstjóri færist úr skilgreiningunni hjúkrunarforstjóri II yfir í hjúkrunarfostjóri I

Stöðugildi hjúkrunarfræðings aukið úr 80% í 100%.

Drög að þjónustusamningi hjúkrunarheimilisins og Skaftárhrepps kynntur, sem snýr annars vegar að skrifstofuþjónustu og hinsvegar viðhaldsdeild fasteigna.

Rekstrarnefnd gerir ekki athugasemdir við: framlagðan viðauka við ráðningasamning hjúkrunarforstjóra Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla, starfslýsingu hjúkrunarfræðings Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla, þjónustusamning Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla og Skaftárhrepps.

Sveitarstjórn samþykkir viðauka við ráðningarsamning hjúkrunarforstjóra Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla, starfslýsingu hjúkrunarfræðings Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla og þjónustusamning Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla og Skaftárhrepps. Sveitarstjóra falið að ljúka málínu í samvinnu við hjúkrunarforstjóra.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

3. 1904002 Fundargerð 2. fundar nefndar um endurskoðun á sorphirðu og sorpeyðingu, dags. 13.06.2019

3. Sorphirða – Útboðsáætlun 2019

ADH
KG



Skaftárhreppur

Rætt var um hvernig best skuli staðið að útboði á sorhirðu og sorpeyðingu til næstu ára. Tvær leiðir voru ræddar.

- A. Bjóða út óbreytt fyrirkomulag á sorphirðunni með endurskoðunarákvæðum eftir 2 ár. Breytingin frá núverandi útfærslu væri þá fyrst og fremst í því að gámaplaníð girðist af og að móttakan verði mönnuð með opnunartíma 15-20 klst á viku. Náum þá utanum viðbótar sorpmagnið sem berst beint á gámastöð. Hæfilegt skilagjald yrði tekið upp samhliða. Áætlað að bjóða út eigi síðar en 15.júlí nk. Áætlaður kostnaður við útboðsgagnagerð 600.000 kr.
- B. Samið um framlengingu til 6 mánaða við núverandi þjónustuaðila sorphirðu. Farið yrði í þarfagreiningu / vistferlisgreiningu, bornir saman kostir í sorphirðu og eyðingu sorps, lagðar línur til framtíðar, haldinn íbúafundur með haustinu, kynntir valkostir, viðbrögð og ábendingar mótteknar. Lokaskýrsla unnin og kynnt. Áætlað að bjóða út eigi síðar en 1.janúar 2020. Áætlaður kostnaður við vistferlisgreiningu og útboðsgagnagerð 2.400.000 kr.

Nefndin óskar eftir afstöðu sveitarstjórnar á því hvor leiðin verði valin og útfærð nánar.

Sveitarstjórn þakkar nefndinni fyrir tillögurnar og felur henni að vinna áfram í samræmi við tillögu B. Sveitarstjóra falið að útbúa viðauka vegna málsins.

4. Fundargerð 67. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags.13.06.2019

Almenn mál:

- Beiðni um hækjun á greiðslum til sumardvalarforeldra.

Greiñargerð lesin.

Félagsmálanefnd samþykkir fyrir sitt leyti að hækka greiðslur til sumardvalarforeldra í samræmi við tillögur félagsmálastjóra.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir hækjun á greiðslum til sumardvalarforeldra í samræmi við tillögur félagsmálastjóra fyrir sitt leyti.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

- 1906014 Kjör oddvita og varaoddvita

Eva Björk Harðardóttir gefur áfram kost á sér sem oddviti. KG, BG, EBH og AH greiða Evu Björk atkvæði sitt. JBJ situr hjá. Eva Björk Harðardóttir er réttkjörin oddviti Skaftárhrepps. Eva Björk Harðardóttir leggur til að Bjarki Guðnason verði varaoddviti. KG, EBH, BG og AH greiða Bjarka atkvæði sitt. JBJ situr hjá. Bjarki Guðnason er réttkjörin varaoddviti Skaftárhrepps.

- 1810007 Rekstraryfirlit 5 mánaða staða

Sveitarstjóri fer yfir rekstraryfirlit fyrir síðustu fimm mánuði. Enn á eftir að innheimta styrk á móti lagningu ljósleiðara og senda út reikninga fyrir stofnkostnaði til íbúa. Einnig á eftir að færa innri leigu stofnanna. Þegar tekið hefur verið tillit til þess er rekstur sveitarfélagsins á áætlun.

- 1906015 Samfélagsleg áföll – Langtímoviðbrögð sveitarfélagsins Skaftárhrepps.

Skaftárhreppur og Löggreglustjórin á Suðurlandi

Viðbragðsáætlunin var lögð fyrir viðbragsaðila á vinnufundi í vetur og hefur verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem þar komu fram. Áætlunin var einnig kynnt á íbúafundi en



Skaftárhreppur

engar athugasemdir bárust á þeim fundi. Sveitarstjórn þakkar frumkvæði og framlag Lögreglustjórans á Suðurlandi til verkefnisins og staðfestir viðbragðsáætlunina.

4. 1906021 Ályktun um jófnun raforkuverðs

Sveitarstjórn Skaftárhrepps tekur undir ályktun stjórnar SASS frá 16. maí sl. til ráðherra ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunar um að raforkuverð i dreifbýli og þéttbýli verði jafnað. Tryggja þarf að landsbyggðin greiði ekki hærra verð fyrir dreifingu raforku en þéttbýli. Áhrif þess gætir sérstaklega á köldum svæðum þar sem hús eru kynnt með raforku. Huga þarf að sérstakri niðurgreiðslu á þeim svæðum til að jafna búsetuskilyrði á landinu.

5. 1906016 Grænbók – Stefna um málefni sveitarfélaga – til umsagnar. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, apríl 2019

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fagnar því að vinna Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins við stefnu um málefni sveitarfélaga standi yfir. Sveitarstjórn Skaftárhrepps leggur áherslu á að stefna um málefni sveitarfélaga sé fyrst og fremst komin frá sveitarfélögunum sjálfum og að hún verði byggð á niðurstöðum aukalandsþings sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið verður í september nk.

6. 1906020 Tilboð frá Attentus – mannauði og ráðgjöf ehf. í mannauðsstjóra til leigu. Júní 2019.

Fyrir fundinum liggur tilboð frá Attentus – mannauði og ráðgjöf ehf. í mannauðsstjóra til leigu. Tilboðið inniheldur jafnframt stjórnendaþjálfun, markþjálfun fyrir stjórnendur auk aðstoðar við innleiðingu jafnlaunastaðals. Tilgangurinn með samstarfinu við Attentus er að fylgja eftir þeim aðgerðaráætlunum sem unnar hafa verið í úttektum hjá stofnunum sveitarfélagsins og stuðla að samræmdum vinnubrögðum stjórnenda stofnana sveitarfélagsins í mannauðsmálum. Heildarupphæð samkvæmt tilboði 2019 er 2.354.434 kr. Sveitarstjóri leggur til að kostnaðinum verði skipt niður á stofnanir sveitarfélagsins í samræmi við fjölda starfsmanna og stjórnenda. Sveitarstjórn samþykkir tilboðið og felur sveitarstjóra að undirrita það fyrir sína hönd ásamt því að útbúa viðauka við fjárhagsáætlun 2019.

7. 1810007 Viðauki 4 við fjárhagsáætlun 2019

Sveitarstjóri leggur til að gerður verði estirfarandi viðauki við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2019;

Tillaga um að oddviti komi inná skrifstofu Skaftárhrepps í 30% starfshlutfall frá 1. september 2019. Helstu verkefni oddvita yrðu að halda utan um undirbúning sveitarstjórnarfunda, úrvinnslu fundargerðar og samskipti við formenn nefnda. Oddviti myndi einnig taka að sér umsjón með undirbúningi og estirfylgni vegna þekkingarseturs verkefnis ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Viðbót við laun- og launatengd gjöld hjá sveitarstjórn verður 1.450.000,-. Launakostnaður sveitarstjórnar hækkar úr tæpum 7 millj. í 8,4 millj. Liður 21011-laun.

Mannauðsstjóri verði ráðin til leigu í samræmi við tilboð Attentus ásamt annarri stuðningsþjónustu við stjórnendur. Myndi skiptast á milli stofnanna mv. fjölda starfsmanna. Kostnaður vegna stjórnendaþjálfunar og markþjálfunar skiptist á þær stofnanir sem eru með fleiri en einn starfsmann. Skaftárhreppur sendir Hjúkrunarheimilinu reikning vegna þeirra kostnaðar í verkefninu. Hluti Skaftárhrepps verður samtals 1.695.000,- og skiptist samkvæmt estirfarandi;

AJH
Keg



Skaftárhreppur

Fj. Starfsm	Stofnun	leiga	jafnl.vott	markþj.	Stjórnendaþj.	Samtals	Færist á
11	Kirkjubæjarskóli	158.605	139.230	74.700	118.800	491.335	04211-4390
9	Heilsuleikskólinn	129.767	113.916	74.700	118.800	437.183	04111-4390
4	Skrifstofa	57.674	50.629	74.700	118.800	301.804	2140-4390
5	Íþróttamiðstöð	72.093	63.286	74.700	118.800	328.879	0655-4390
3	áhaldahús	43.256	37.972			81.228	3180-4390
1	bókasafn	14.419	12.657	0	0	27.076	0529-4390
1	tónlistarskóli	14.419	12.657	0	0	27.076	0451-4390
20	Klausturhólar	288.372	253.146	74.700	118.800	735.018	reikningur s
34 Samtals		490.232	430.348	298.800	475.200	1.694.580	

Farið verði í vistferlisgreiningu vegna sorpmála og gerð útboðsgagna upphæð 2,4 millj. fært á lið 08211-4390.

Rekstrarútgjöld A-hluta aukast um 5.545.000,-

Útgjaldaaukningu mætt með lækkun á handbæru fé sem lækkar úr 55 millj. í 49,455 millj.

Sveitarstjórn samþykkir viðaukann.

8. 1906017 Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi í Mörtungu II, fnr. 219-0100, í flokki II. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 14.05.2019
EBH, KG, JBJ og AH gera ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. BG situr hjá vegna aðkomu sinnar sem slökkviliðsstjóri á síðari stigum málsins.
9. 1906019 Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi í Seglbúðir, fnr. 219-0332 mhl. 18-0101, í flokki II. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 07.06.2019
EBH, KG, JBJ og AH gera ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. BG situr hjá vegna aðkomu sinnar sem slökkviliðsstjóri á síðari stigum málsins.
10. 1906018 Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi í Efri-Ey, fnr. 218-9071, í flokki II. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 12.06.2019
EBH, KG, JBJ og AH gera ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. BG situr hjá vegna aðkomu sinnar sem slökkviliðsstjóri á síðari stigum málsins.
11. 1603005 Staðfesting á að umbótum sé lokið vegna úttektar á Kærabæ 2015. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, dags. 03.06.2019.
Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir hér með að leikskólastjóri Heilsuleikskólans Kærabæjar hafi lokið þeim umbótum sem settar voru fram í umbótaáætlun sem gerð var kjölfar úttektar Mennta- og menningarmálaráðuneytisins 2015.
12. 1903006 Dverghamrar – drög að stjórnunar- og verndaráætlun 2019-2028.
Umhverfisstofnun
Sveitarstjórn Skaftárhrepps bendir á að vegurinn að bílastæðinu að Dverghömrum er stórhættulegur og hvetur Umhverfisstofnun til að vinna að því í samstarfi við sveitarfélagið að þrysta á Vegagerðina til að bæta öryggi aðkomuleiðarinnar.

XJ
JUL



13. 1906022 Ákvörðun daggjalda á afrétti og smölu heimalanda 2019

Sveitarstjórn samþykkir að daggjöld á afrétti verði óbreytt frá síðasta ári, framreknuð samkvæmt vísitölu neysluverðs í maí 2019.

Daggjöld 2018 voru 14.415 kr. m.v. við vísitölu í júní 2018 sem var 454,6 stig. Visitala í maí 2019 er 468 stig og verða daggjöld árið 2019 því kr. 14.840 kr.

Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að miða skuli við daggjöld þegar greiða þarf smölum vegna smölnunar heimalanda sem unnin er á kostnað landeiganda.

14. 1902010 Yfirlýsing um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið

Sameinuðu þjóðanna

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fagnar því frumkvæði sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið með stofnun samráðsvettvangs, sem ætlaður er sveitarfélögum landsins til samstarfs og samráðs um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Sveitarstjórn telur brýnt að riki og sveitarfélög grípi nú þegar til markvissra og samstilltra aðgerða til að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála og aðlaga íslenskt samfélag að þeim breytingum sem þegar hafa átt sér stað og fyrirséðar eru vegna loftslagsbreytinga. Einn mikilvægasti liðurinn í því aðkallandi starfi er að íslenskt samfélag verði lagað að kröfum sjálfbærar þróunar. Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt gagnlegan grunn að sliku starfi með heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun.

Sveitarstjórn lýsir sig tilbúna til þáttöku í samráðsvettvangum með þáttöku í fundum og viðburðum um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Á sínum vettvangi mun sveitarstjórn beita sér fyrir markvissum aðgerðum og stefnumótun í átt til aukinnar sjálfbærni og kolefnishlutleysis. Fulltrúar sveitarfélagsins munu einnig, eftir því sem tilefni er til og aðstæður leyfa, taka þátt i miðlun þekkingar, þróun mælinga á árangri og öðru samstarfi sem tengist samráðsvettvangum.

15. Endurskoðuð fjallskilasamþykkt Vestur-Skaftafellssýslu – síðari umræða

Sveitarstjóra falið að uppfæra fjallskilasamþykktina í samræmi við umræður fundarins og senda til Héraðsnefndar.

III. Fundargerðir til kynningar

1. Fundargerð 546. fundar stjórnar SASS, dags. 16.05.2019. *Fundargerð kynnt.*
2. Fundargerð 6. fundar stjórnar Bergrisans bs., dags. 27.05.2019. *Fundargerð kynnt.*
3. Fundargerð 196. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 09.05.2019. *Fundargerð kynnt.*
4. Fundargerð 39. fundar stjórnar Félags- og skólapjónustu Rangársvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs., dags. 14.04.2019. *Fundargerð kynnt.*
5. Fundargerð 871. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 29.05.2019. *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefni

1. Hvatning til sveitarfélaga um að samræma verklag vegna gruns um ofbeldi og vanrækslu. UNICEF á Íslandi, dags. 22.05.2019. *Kynnt.*
2. Kortlagning umhverfismála á Suðurlandi. SASS, september 2018. *Kynnt.*

XJ
AJH



3. Fyrirkomulag launaðs starfsnáms kennaranema. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, *Kynnt.*
4. Upplýsingar til sveitarfélaga vegna starfsnáms kennaranema og námsstyrki. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 10.05.2019, *Kynnt.*
5. Stefnumótun í íþróttamálum 2019-2030. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, dags. 02.05.2019. *Kynnt.*
6. Yfirlýsing vegna kjaraviðræðna. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 28.05.2019. *Kynnt.*
7. 1902010 Stefnumótun í Skaftárhreppi með hliðsjón af heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna. *Kynnt.*

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður fimmtudaginn 11. júlí 2019

Skrifstofa sveitarfélagsins verður lokað frá og með 22. júlí til og með 9. ágúst 2019.

Fundi slitið kl. 14:00


Eva Björk Harðardóttir


Bjarki Guðnason


Katrín Gunnarsdóttir


Jóna Björk Jónsdóttir


Arndís Harðardóttir